

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi ræður skotmenn eftir því, sem henni þykir þörf. Fyrir hvern skotinn svartbak fær skotmaður 40 aura og greiðir viðkomandi sveitar-sjóður skotmanni gjald þetta. Skal skotmaður sýna oddvita nef fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því að hann hafi drepið fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann strax brenna nefjunum.

48

11. maí

3. gr.

Oddviti í hverjum hreppi skal halda skrá yfir tölu þeirra fugla, er greitt hefir verið fyrir. Skal hann fyrir hver áramót senda sýslumanni skrána tvíritaða, og skal hann, samkvæmt henni, endurgreiða sveitarsjóði hluta sýslusjóðs af skotmannslaunum, sem eru 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimta hjá ríkissjóði hluta hans af skotmannslaunum, sem eru 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða eftir því sem við á, sjá lög nr. 66, 1936, sektum frá 10 til 300 kr. og renna þær til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66, 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. maí 1937.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

49

13. maí

um útflutning á ísuðum, nýjum fiski í kössum.

Samkvæmt lögum nr. 92, 3. maí 1935, um meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á sjávarafurðum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um útflutning á ísuðum, nýjum fiski í kössum. Ákvæði þessi taka þó ekki til síldar, skelfisks, sjóbirtings, lax eða annara vatnafisktegunda.

1. gr.

Ísaðan fisk í kössum má ekki flytja til útlanda frá íslenskum höfnum, nema hann hafi áður verið metinn útflutningshæfur af fiskimatsmanni og vottorð um það hafi verið ritað á farmskírteini það, er fylgir fiskinum, á einhverri af eftirtöldum höfnum:

Reykjavík,
Vestmannaeyjar,
Fáskrúðsfjörður.

Þegar sérstaklega stendur á og um beinar ferðir er að ræða til útlanda, getur fiskimálanefnd veitt undanþágu fyrir aðrar hafnir.

Ennfremur getur fiskimálanefnd, þegar henni þykir nauðsyn til bera fyrst um sinn þangað til annað kynni að verða ákveðið, veitt undanþágur frá öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, svo sem reglunum um kassastærð, um það, hversu fiski skuli raðað í kassa o. s. frv.

2. gr.

Til útflutnings á nýjum fiski skulu eingöngu notaðar þessar stærðir af kössum:

- a. Heilkassar: Lengd 91 cm, breidd 51 cm, hæð 34,5 cm (utanmál).
- b. Hálfkassar: Lengd 91 cm, breidd 51 cm, hæð 21,5 cm (utanmál).
- c. Heimilt er að nota stærri kassa fyrir lúðu, sem er yfir 5 kg á þyngd.

Kassar séu úr góðu efni 1,7 cm þykkku í göflum og 1,4 cm í hliðum og 1,1 í botni og loki og séu hafðir innan í þeim hornstólpar $5 \times 1,7$ cm. Ennfremur séu hafðir okar innan á loki kassanna 1,1 cm á þykkt.

Kassarnir skulu smíðaðir úr hefluðu greni eða furu. Efnið á að vera vel þurrst svo samskeyti verði slétt.

Borðin mega ekki hafa stærri vankant en $\frac{1}{4}$ og sé hinn slétti hluti kantsins hvergi minna en $\frac{3}{4}$ af þykkt borðsins og mega borðin ekki vera mjórri en 75 mm (plægðu borðin 75 mm brúttó).

Þykktin, sem hér er ákveðin, er lágmarksþykkt og má ekki auka hana meira en 1,5 mm.

Í hliðum, göflum og loki mega ekki vera meira en 3 borðbreiddir.

Í hliðum og göflum og loki skulu vera plægð borð, en óplægð í botni, en ekki mjórri en 75 mm brúttó.

3. gr.

Af þeim fiski, sem fluttur er til Stóra-Bretlands, skal í hverjum heilkassa vera 50.8 kg af fiski, en 25,4 kg í hverjum hálfkassa og ber sendandi ábyrgð á að innihald kassanna haldi þessari vigt þegar þeir koma á ákvörðunarstaðinn og skal því láta 55 kg í heilkassa og 27,5 í hálfkassa, af bolfiski, en af flatfiski (kola og lúðu) 53 kg í heilkassa og 26,5 kg í hálfkassa.

4. gr.

Til isunar má eingöngu nota hreinan, smámulinn ís eða hreinan, harðan snjó og skal haga þannig til, að íslagið í botni kassans sé ávallt haft mun þykkra en íslagið ofan á fiskinum. Láta skal svo mikinn ís í kassann sem rúm leyfir.

5. gr.

Heimilt er að nota jöfnum höndum heilkassa eða hálfkassa. Kassar, sem hrogn eru flutt út í, skulu þó ávallt hólfaðir sundur í miðju.

6. gr.

Til útflutnings á fiski til Stóra-Bretlands skal eingöngu nota nýja, hreina kassa, og skal mála á kassana með stafamóti eða brenna á þá nafn eða einkennisbókstafi útflytjanda, tegund fisksins og stærð, ennfremur nettóvigt af fiski og skal áletrun þessi vera á ensku, t. d. á hálfkassa: Plaice large, 4 stone net., en á heilkassa: Plaice large, 1 cwt. net.

7. gr.

Við útskipun og affermingu skulu ávallt notuð trog og þess gætt, að kassarnir verði fyrir sem minnstu hnjaski, og liggi ekki öðruvísi en þeir eiga að liggja, enda sé brennt eða málað á lok þeirra greinilega orðin: This side up.

8. gr.

Allar kolategundir skal flokka í þrjá stærðarflokka þannig:

Mjög stór (extra large)	1000 gr og þar yfir.
Stór (large)	500 gr til 1000 gr.
Meðalstór (medium)	375 — — 500 —
Smár (small)	250 — — 375 —

9. gr.

49

13. maí

Ýsu skal flokka í eftirfarandi stærðarflokka:

Mjög stór (jumbo)	2250 gr og þar yfir.
Stór (gibbers)	1000 — til 2250 gr.
Meðalstór (kits)	500 — — 1000 —
Smár (small)	250 — — 500 —
Smælki (ping pong)	minni en 250 —

10. gr.

Þorsk skal flokka í þrjá stærðarflokka og er þá miðað við slægðan fisk með haus:

Stór (large)	3500 gr og þar yfir.
Meðalstór (sprags)	1500 — til 3500 gr.
Smár (small)	minni en 1500 —

Ekki má senda til útlanda nema góðan, óskemmdan fisk og skal geymsluþol hans vera svo mikið, að fyrirsjáanlegt sé, að hann komist í góðu ástandi á ákvörðunarstaðinn.

11. gr.

Ýsu og þorsk skal ávallt leggja þannig í kassana að bakið snúi upp, svo að vatn standi ekki í kviðarholi fisksins, en skarkola og aðrar kolategundir skal leggja í kassana á rönd með nokkrum halla og skal hin hvíta hlið fisksins snúa upp.

12. gr.

Hafi fiskurinn staðið í kössunum meira en tvo sólarhringa áður en hann er fluttur á skipsfjöl, skal opna kassana og bæta ís í þá, ef með þarf.

13. gr.

Þess skal vel gætt í flutningsskipum, að fiskkassar séu hafðir þar sem þeir verða fyrir sem minnstum hita eða loftbreytingum, og skulu þeir þaktir góðum ábreiðum.

14. gr.

Yfirfiskimatsmenn eða umboðsmenn þeirra skulu hafa eftirlit með útflutningi á nýjum fiski, og skal tilkynna þeim útflutninginn svo tímanlega, að þeir geti fylgt með umbúnaði og vigtun fisksins. Þeim ber einnig að hafa eftirlit með útskipun og umbúnaði í farmrúmi. Matsmaður getur stöðvað fisksendingar, ef ákvæðum reglugerðar þessarar er ekki fullnægt.

Útflutjandi ber kostnað við eftirlitið. Kaup matsmanna við eftirlitið sé hið sama og við fiskimat.

Verði síðar settir sérstakir eftirlitsmenn með útflutningi á ísuðum, nýjum fiski, skal kaup þeirra vera hið sama og fiskimatsmanna.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 20. nóv. 1935 um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.